



Gæðaviðmið við val á landi til skógræktar

2. útgáfa, maí 2026



Land og skógur

Land og skógur

Stýrihópur verkefnis:

Birkir Snær Fannarsson
Bryndís Marteinsdóttir
Brynjar Skúlason

Starfsmaður verkefnis:

Páll Sigurðsson

Teikningar og flæðirit:

Fífa Jónsdóttir

Yfirlstur og frágangur:

Pétur Halldórsson

Efnisyfirlit

FORMÁLI.....	5
I. INNGANGUR	6
I.A. GÆÐAVIÐMIÐ. MATSLISTI UM VAL Á LANDI TIL SKÓGRÆKTAR.....	7
I.B. VIÐAUKI VIÐ MATSLISTA	10
§1. Náttúruvé eða náttúruvætti.....	11
§2. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni – tegundir sem njóta verndar.....	11
§3. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni – búsvæði og vistgerðir sem njóta verndar.....	11
§4. Votlendi.....	11
§5.1 Birkiskógar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.....	11
§5.2 Náttúruskógar.....	12
§6. Vegir.....	12
§7. Lagnir.....	12
§8. Reiðvegir og þjóðleiðir.....	12
§9. Brunnsvæði vatnsbóla.....	13
§10. Fornleifar.....	13
§11. Friðaðar jarðminjar og jarðmyndanir.....	13
§12. Skógrækt í öðrum friðlýstum náttúruminum en náttúruvéum og náttúruvættum; einnig á svæðum á B- eða C-hluta náttúruminjasrár.....	14
§13. Framræst votlendi.....	14
§14. Ræktarland.....	14
§15. Ár og vötn.....	14
§16. Vatnsverndarsvæði.....	15
§17. Hverfisvernd.....	15
§18. Atvinna af skógi og skógrækt.....	15
§19. Útivist.....	15
§20. Loftgæði.....	15
§21. Aðlögun að loftslagsbreytingum.....	15
§22. Landslag og útsýni.....	16
§23. Sóttkveikjur, svo sem miltisbrandur og gamlir urðunarstaðir.....	16
§24. Hljóðvist, hljóðmengun.....	16
§25. Aðgengi.....	16
§26. Jarðvegsvernd.....	16
§27. Veðurfar.....	16
§28. Losun gróðurhúsalofttegunda.....	17
§29. Binding gróðurhúsalofttegunda.....	17
§30. Útbreiðsla birkis.....	17
§31. Sjálfsáning tegunda.....	17
§32. Samantekt.....	17
I.C. FORSENDUR FYRIR EINSTÖKUM VIÐMIÐUM.....	18
Votlendi og vernd þess.....	18
Framræst votlendi og ræktarland.....	18
Náttúrulegir birkiskógar.....	18
Ár og vötn.....	19
II. VIÐAUKAR.....	20
II.1. MÁLSMEÐFERÐ SKÓGRÆKTAR Í SKIPULAGSMÁLUM.....	20
II.2. UM TILKYNNINGASKYLDU TIL ÁKVÖRÐUNAR UM MATSSKYLDU SAMKVÆMT LÖGUM UM UMhverfismat framkvæmda og ÁÆTLANA.....	21
II.3. SÉRSTÖK MARKMIÐ TIL HLIÐSIÓNAR.....	23
II.4. ORÐANOTKUN OG SKILGREININGAR.....	25

III. ÍTAREFNI.....	29
III.1. NOTKUNARSVIÐ NÝRRA GÆÐAVIÐMIÐA	29
III.2. TENGL GÆÐAVIÐMIÐA OG SVÆÐISÁÆTLANA Í LANDGRÆÐSLU OG SKÓGRÆKT	29
III.3. VINNA VIÐ GÆÐAVIÐMIÐIN	30
III.4. ELÐRI GÆÐAVIÐMIÐ	30
III.5. ERLEND GÆÐAVIÐMIÐ UM NÝSKÓGRÆKT	31
III.6. SAMNINGAR, ALÞJÓÐASAMÞYKKTIR OG FJÖLÞJÓÐLEG SAMTÖK	32
III.7. SAMSTARFSVERKEFNI OG SAMTÖK.....	33
III.8. LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA SKÓGA OG SKÓGRÆKT	34

Formáli

Í ágúst 2022 gaf matvælaráðuneytið út *Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt – Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031* (hér eftir *Land og líf*)¹, auk aðgerðaáætlunar Lands og lífs² sem gildir til 2026.

Annar kafli aðgerðaáætlunar *Lands og lífs* fjallar um að „efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa.“ Undirmarkmið kafla 2.3 eru *nýgæðaviðmið við val á landi til skógræktar*. Um aðgerðina segir þar:

Aðgerðin felur í sér að þróa og innleiða ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar. Í gæðaviðmiðunum skal sérstaklega gerð grein fyrir forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Markmiðum með nýjum gæðaviðmiðum, gerð þeirra og notkunarsviði er lýst í aðgerðaáætluninni:

Við val á landi til skógræktar ber að taka tillit til verndar umhverfispáttá, þ.m.t. fuglastofna, fágæts gróðurs, sérstaks landslags, jarðminja, fornleifa, og útsýnis. Mikilvægt er að mögulegar jákvæðar og neikvæðar breytingar séu metnar við val á landi til skógræktar. Í því ljósi er gert ráð fyrir að mótuð verði ný gæðaviðmið fyrir val á landi til skógræktar. Þar verði m.a. fjallað um áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, landslag, náttúru, jarðminjar, menningarmínjar og verndun verðmæts landbúnaðarlands samkvæmt flokkun í skipulagi, auk annarra mikilvægra þátta. Við val á landi til skógræktar er því mikilvægt að gera grein fyrir umhverfislegum og samfélagslegum verðmætum sem fyrir kunna að vera á tilvonandi skógræktarsvæði og verða fyrir áhrifum af skógrækt. Slíkt mat er hluti af upplýsingum sem fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Undanfarna áratugi hefur verið unnið eftir tiltölulega skýrum verklagsreglum um val á landi til skógræktar við undirbúning og framkvæmd skógræktarverkefna sem hið opinbera hefur haft umsjón með eða stutt. Einnig hefur farið fram nokkuð ítarleg greining á því landi sem til hefur staðið að nota undir þá tegund landnýtingar sem skógrækt er. Liður í ferlinu var meðal annars að gera kort með úrtökum samkvæmt gátlista og draga fram fyrirbæri sem gera að verkum að skógrækt er af einhverjum ástæðum óæskileg, auk þess að telja upp mismunandi kosti til skógræktar, þ.e. landbóta- eða nytjaskógrækt, og benda á þau landgæði sem orðið geta til með skógrækt.

¹ Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031. Ágúst 2022.

² Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022- 2026. Ágúst 2022.

Gæðaviðmiðunum sem birtast í þessu skjali er bæði ætlað að vera gátlisti til að meta hvaða land hentar til skógræktar og matslisti til að meta áætluð skógræktaráform. Þeim má einnig beita til að skilgreina þau svæði, til dæmis innan bújarðar, sem henta best til skógræktar og til að skilgreina þær leiðir sem beinast liggja við í skógrækt, til dæmis tegundaval eða framtíðarnýtingu skógarins. Þau taka til allra nýrra framkvæmda og aðgerða þar sem skógi er komið upp á skóglausu landi. Þannig taka gæðaviðmiðin til endurheimtar skógar og náttúruskóga en einnig til landgræðslu, að því marki sem hún lýtur að því að koma upp trjám og nýskógrækt, hvert svo sem markmiðið með henni kann að vera. Við nýskógrækt skal enn fremur fylgja staðlinum ÍST 95 um sjálfbæra skógrækt þar sem það á við, en við endurheimt birkiskóga skal fylgja SER-staðlinum.

Jafnvel þótt þessum gæðaviðmiðum sé ekki ætlað að skera úr um hvort og hvenær skuli tilkynna skógræktaráform til ákvörðunar um umhverfismat, er rétt að minna á að í sumum tilvikum – svo sem vegna stærðar eða staðsetningar – er slíkrar tilkynningar þörf. Um það er fjallað í kafla II.2.

Skógur er í lögum skilgreindur sem land, að minnsta kosti 0,5 hektarar að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær að minnsta kosti tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónupekju. Þar með falla skjólbelti og kjarr ekki undir hugtakið skógur. Hins vegar ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að beita þessum gæðaviðmiðum á áform um ræktun skjólbelta og skjóllunda eða áform um landgræðslu þar sem gera má ráð fyrir að upp vaxi kjarr.

I. Inngangur

Gæðaviðmiðin eru þannig sett upp, að fremstur er matslisti um val á landi til skógræktar. Þar eru teknir saman 32 matsliðir eða matsþættir. Er hver þeirra skoðaður til að meta hvort og hversu vel land hentar til skógræktar og hvaða áhrif tiltekin áformuð skógrækt hefði á umhverfi og samfélag. Matslistinn er þannig settur upp að honum megi einnig beita til að finna hentug svæði til skógræktar, en sum atriði í honum krefjast nokkurs landlæsis og þekkingar á náttúru og samfélagi. Þegar tilefni er til má skoða áhrif skógræktar á einstaka matsþætti í stærra samhengi en hvað varðar áhrif á vaxtarstað skógarins eingöngu.

Nokkur atriði í matslistanum krefjast fagþekkingar í skógrækt, landgræðslu eða öðrum greinum, svo sem vistfræði, jarðfræði eða fornleifafraeði eftir atvikum. Gert er ráð fyrir að þekking staðkunnugra sé nýtt um ýmsa þætti. Þegar gæðaviðmiðin eru notuð til þess að meta skógræktaráform og slíkt mat látið fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt, er æskilegt að matið sé unnið af aðila með fagþekkingu í náttúrufræði, skógrækt eða öðrum sviðum eftir atvikum.

Gæðaviðmiðin eru altæk í þeim skilningi að þeim er hægt að beita á allt land og öll skógræktaráform óháð markmiðum, umfangi og eðli væntanlegra skóga. Með öðrum orðum ráðast niðurstöður matsins meðal annars af staðháttum og gerð skógar. Niðurstöðurnar geta ýmist verið að ekkert sé því til fyrirstöðu að ráðast í skógrækt, að það sé óæskilegt, ellegar mögulegt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum svo sem um tegundanotkun og markmið.

Þegar meta skal skógræktaráform eftir þessum matslista er því mikilvægt að með listanum fylgi skýrar hugmyndir um eðli fyrirhugaðra skógræktaráforma. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að niðurstaða einstakra matsþátta getur verið ólík eftir staðsetningu innan matssvæðisins. Í slíkum tilvikum er réttast að skipta svæðinu upp og meta hvern hluta þess fyrir sig. Meta ætti eftir atvikum áhrif fyrirhugaðs skógar á næsta nágrenni. Ekki ætti að vera nauðsynlegt að útbúa fullbúna ræktunaráætlun til þess að beita megi gæðaviðmiðunum.

Á eftir matslistanum kemur viðauki (I.B. Viðauki við matslista), þar sem hver matsþáttur í matslistanum er skýrður nánar.

I.A. Gæðaviðmið. Matslisti um val á landi til skógræktar

Í fyrri hluta matslistans er í 17 atriðum farið í gegnum hvort skógrækt á tilteknu svæði eða hlutum þess er heimil eða háð takmörkunum. Við matið er vert að hafa í huga varúðarreglu Náttúruverndarlaga³.

Í seinni hlutanum eru 15 matsatriði til að meta umhverfisleg og samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra skógræktarframkvæmda. Fyrri hluti matslistans (nr. 1-17) byggist á já- og nei-spurningum en sá seinni á því að meta hvaða áhrif fyrirhuguð skógrækt myndi hafa á hverjum og einum stað eða svæði (nr. 18-32). Að lokum er lagt til að tekið sé saman hver áhrif skógræktar yrðu á þá þætti sem metnir hafa verið.

Við mat samkvæmt seinni hlutanum er mikilvægt að hafa skýra hugmynd um markmið skógræktarinnar, tegundaval, jarðvinnslu og þá gerð skógar sem stefnt er að. Eftir atvikum er einnig rétt að taka með í reikninginn fyrirhugaða nýtingu skógarins í fyllingu tímans og aðrar væntanlegar framkvæmdir og umhirðu, svo sem vegagerð og grisjun. Meta má möguleg áhrif áformaðrar skógræktar fyrir fram með því að beita matslistanum og feta sig eftir honum lið fyrir lið.

³ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013: 9. gr.: „Varúðarregla. Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggji með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“

Á þeim svæðum sem falla undir eitt af neðangreindu er skógrækt óheimil eða háð ákveðnum skilyrðum.

Nr.	Þáttur		Já	Nei
§1	Náttúruvætti eða náttúruvé	Nýskógrækt óheimil		
§2	Svæði mikilvæg tegundum sem njóta sérstakrar verndar	Nýskógrækt óheimil		
§3	Búsvæði eða vistgerðir sem njóta verndar	Nýskógrækt óheimil		
§4	Votlendi	Nýskógrækt óheimil – ath. skilyrði og lágmarksfjarlægð		
§5	Náttúrulegir birkiskógar/-kjarr sem nýtur sérstakrar verndar og náttúruskógar	Nýskógrækt óheimil		
§6	Vegir	Nýskógrækt óheimil – ath. lágmarksfjarlægð		
§7	Lagnir	Nýskógrækt óheimil – ath. lágmarksfjarlægð		
§8	Reiðleiðir eða þjóðleiðir	Nýskógrækt óheimil – ath. lágmarksfjarlægð		
§9	Brunnsvæði vatnsbóla	Nýskógrækt óheimil, nema á forsendum vatnsverndar		
§10	Fornleifar	Nýskógrækt óheimil – ath. lágmarksfjarlægð		
§11	Jarðminjar eða jarðmyndanir	Nýskógrækt óheimil		
§12	Óbyggð víðerni, þjóðgarðar, friðlönd, landslagsverndarsvæði eða fólkvangar; einnig svæði á B- eða C-hluta náttúruminjaskrár	Háð aðstæðum		
§13	Framræst votlendi	Metið hvort æskilegt geti verið að endurheimta votlendið áður en ákvörðun um skógrækt er tekin		
§14	Gott og mjög gott ræktunarland	Ekki skal taka til skógræktar meira en 15% af landi hverrar jarðar sem telst vera gott eða mjög gott ræktarland		
§15	Nálægt ám og vötnum	Rask vegna skógræktar er takmörkunum háð með fram ám og vötnum		
§16	Vatnsverndarsvæði	Jarðvinnsla, áburðargjöf, umhirða, og nýting skógarins er takmörkunum háð á vatnsverndarsvæðum		
§17	Hverfisvernd	Háð aðstæðum á hverjum stað		


Samfélagsleg og umhverfisleg áhrif

Nr.	Þáttur		Já	Nei
§18	Atvinna af skógi og skógrækt	Er líklegt að skógurinn verði nýtanlegur og skapi þannig atvinnu og tekjur?		
§19	Útivist	Er líklegt að skógurinn verði nýttur til útivistar og auki möguleika svæðisins til þess?		
§20	Loftgæði	Dregur skógurinn úr svifryksmengun og annarri loftmengun?		
§21	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Hefur skógurinn áhrif á áhrifamátt náttúruvár, svo sem aftaka- regns og stórhriða, ofanflóða eða veðurofsa?		
§22	Landslag og útsýni	Er gætt að útsýni frá mikilvægum eða skilgreindum útsýnisstöðum?		
§23	Sóttkveikjur, svo sem miltisbrandur og gamlir urðunarstaðir	Er gætt að því að jarðvinna ekki land þar sem hugsanlegt er að séu miltisbrandsgrafir eða önnur hættuleg urðuð efni?		
§24	Hljóðvist, hljóðmengun	Bætir skógurinn hljóðvist?		
§25	Aðgengi gangandi	Er gætt að því að í gegnum skóginn sé fært gangandi fólki að ám, vötnum o.fl.?		
§26	Jarðvegsvernd	Er líklegt að skógurinn auki jarðvegsuppsöfnun og komi í veg fyrir að jarðvegur glatist? Þarf að sýna aðgát við jarðvinnslu vegna rofhættu?		
§27	Veðurfar	Er líklegt að skógurinn hafi jákvæð áhrif á búsetu- og ræktunarskilyrði með því að auka skjól fyrir fólk, ræktun og búsmala?		
§28	Losun gróðurhúsalofttegunda	Er líklegt að skógurinn minnki losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. úr jarðvegi?		
§29	Binding gróðurhúsalofttegunda	Er líklegt að skógurinn feli í sér aukna bindingu gróðurhúsalofttegunda?		
§30	Útbreiðsla birkis	Er skógurinn á svæði sem náttúrulegt birki getur dreift sér í eða er farið að gera það?		
§31	Sjálfsáning tegunda	Er hættu á að sjálfsáning geri að verkum að tré fari að sá sér í svæði sem falla undir matsatriði nr. §1-§17?		
§32	Samantekt			

I.B. Viðauki við matslista



1. Náttúruvætti eða náttúruvé



2. Svæði mikilvæg tegundum sem njóta verndar




3. Búsuvæði eða vistgerðir sem njóta verndar



4. Votlendi




5. Náttúrulegir birkiskógar/-kjarr sem nýtur sérstakrar verndar og náttúruskógar sem eru eldri en 30 ára.



6. Vegir




7. Lagnir



8. Reiðleiðir eða þjóðleiðir




9. Brunnsvæði vatnsbólá



10. Fornleifar



11. Jarðminjar eða jarðmyndanir



12. Óbyggð víðerni, þjóðgarðar, friðland, landlagsverndarsvæði eða fólkvangur



13. Framræst votlendi




14. Gott og mjög gott ræktunarland



15. Nálægt ám og vötnum



16. Vatnsverndarsvæði



17. Hverfisvernd

§1. Náttúruvé eða náttúruvætti

Skógrækt í náttúruvéum eða náttúruvættum er óheimil. Kort yfir þessar friðlýstu náttúruminjar er að finna á:

<https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>: Veljið undir gögnum *Náttúruvernd* → *Náttúruminjaskrá* → *Friðlýst svæði*. Hakið við *Fólkvangar*.

Engin náttúruvé hafa enn verið friðlýst.

§2. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni – tegundir sem njóta verndar

Athuga þarf hvort fundarstaðir plöntutegunda á valista eru á svæðinu og hvaða áhrif skógrækt gæti haft á tegundirnar. Senda má Náttúrufræðistofnun fyrirspurnir um hvort tegundir á valista eru á tilteknu svæði.

§3. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni – búsvæði og vistgerðir sem njóta verndar

Athuga þarf hvort fyrirhuguð skógrækt er á mikilvægu fuglasvæði. Slík svæði má finna á:

<https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>: Veljið *Dýr* → *Fuglar*. Hakið við *Mikilvæg fuglasvæði*.

Athuga þarf hvort til stendur að taka til nýskógræktar búsvæði eða kjörlendi verndaðra fuglategunda innan þessara svæða. Eins þarf að kanna hvort fyrirhugað skógræktarsvæði er sérlega ríkt af vaðfugla- tegundum og möguleg áhrif skógræktar á þær. Einnig skal athuga hvort fyrirhuguð skógræktarsvæði eru á landi með vistgerðum sem hafa mjög hátt verndargildi eða vistgerðir á lista Bernarsamningsins.

§4. Votlendi

Ekki skal taka votlendi til skógræktar og þá gildir einu hve stórt það er. Gróðurfar gefur traustari vísbendingu en bleyta um hvort land telst votlendi, enda getur bleyta farið eftir árferði og árstíð. Til grein- ingar á því hvort land er votlendi er flokkur L8 í vistgerðalykli Náttúrufræðistofnunar⁴ notaður.

Innan við 25 m frá votlendi sem er 2 hektarar eða stærra skal ekki gróðursetja plöntur til skógræktar. Einnig skal leitast við að fara ekki um með þungar vélar sem geta markað för í svörð eða skaðað jarðvegsyfirborð til langframa.

§5.1 Birkiskógar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga

Engin inngrip eru heimil í skógum sem eru á lista Lands og skógar um skóga sem falla undir sérstaka vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, nema slíkt styðji við markmið verndunarinnar. Í slíkum tilvikum skal nota fjölgunarefni af birkinu á viðkomandi svæði, sé þess nokkur kostur.

⁴ https://utgafa.ni.is/Baeklingar/baekl_Vistgerdalykill_land_A4.pdf, bls. 6 og 12.

§5.2 Náttúruskógar

Um náttúruskóga (aðra en þá sem falla undir 61. gr.) gildir: Aðeins í undantekningartilvikum kæmi til greina að taka land vaxið náttúruskógi til skógræktar með öðrum tegundum.

§6. Vegir

Veghelgun fer eftir vegflokki. Ekki skal, nema með sérstöku leyfi veghaldara, rækta skóg á veghelgunarsvæði, sem er innan 30 m til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega, 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega og innan beinnar línu milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti vegamóta. Á vef Vegagerðarinnar, <https://www.vegagerdin.is/samgongukerfid/vegakerfid/vegir> má finna skrá yfir alla vegi og hvaða vegflokki þeir tilheyra, vegnúmer og kort yfir vegi í vegasjá.

§7. Lagnir

Huga þarf að helgunar- og öryggissvæðum loftlína og lagna í jörðu. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis háspennulína er frá 25 m fyrir 66 kV línu upp í 90 m fyrir 400 kV línu. Jarðstrengjum fylgja öryggissvæði og athafnasvæði sem fara eftir fjölda strengja, gerð þeirra og spennu. Kort má finna í kortasjá á:

<https://www.rarik.is/>: → undir *Kortasjá*, veljið flipann *Dreifikerfi*;

og á:

<https://www.map.is/orkubu/>: → veljið viðkomandi þátt;

og á:

<https://www.map.is/landsnet/>: → veljið viðkomandi þátt.

Stofnlagnir í jörðu eru yfirleitt tilgreindar í aðalskipulagi og minni lagnir í deiliskipulagi ef það er fyrir hendi. Leitið á lits veituaðila um nákvæma legu og helgunarsvæði í hverju tilviki.

§8. Reiðvegir og þjóðleiðir

Huga þarf að því að reiðleiðir og gamlar þjóðleiðir lokist ekki með skógrækt heldur séu færar gangandi og ríðandi. Þjóðleiðir njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, séu um þær ummerki og þær eldri en 100 ára.

Að öðru leyti skal halda þjóðleiðum opnum, sé vitað hvar þær liggja. Torsótt getur verið að finna legu gamalla þjóðleiða en um þær er gjarnan fjallað í örnefnalýsingum sem finna má á:

<https://www.map.is/>: → veljið *Ýmis kortagögn* og hakið við *Örnefnaskrá Árnastofnunar*.

Þjóðleiðir og aðrar leiðir má finna á Herforingjaráðskortum, Atlaskortum og AMS-kortum frá 1946 hér:

<https://kort.gis.is/> → efst hægra megin, veljið undir *Grunnkort* til dæmis *Atlaskort*, *Bandarísk kort* eða *Dönsk kort*.

Útskýringar á korta táknum er að finna hér:

<https://islandskort.is/category/list/45>

Kort af reiðleiðum má meðal annars finna á:

<https://www.map.is/lh/>

§9. Brunnsvæði vatnsbóla

Kort af brunnsvæðum má finna hér:

<https://www.map.is/os>: → veljið *Nytjavatn* → *Vatnsverndarsvæði* → *Brunnsvæði*

Öruggara er þó að skoða svæðin á aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Nýskógrækt og aðrar framkvæmdir eru óheimilar á brunnsvæðum, nema því aðeins að þær teljist nauðsynlegar vegna vatnsveitu.

§10. Fornleifar

Ekki má koma upp skógi nær fornleifum en 15 metra frá ystu sýnilegum mörkum þeirra og séu þær friðlýstar er helgunarsvæði umhverfis þær 100 m. Yfirlit um skráðar fornleifar má finna hér:

<https://minjastofnun.gis.is/>

Rétt er að hafa í huga að fornleifar hafa ekki alls staðar verið fyllilega skráðar. Umsögn Minjastofnunar Íslands eða minjavarðar og eftir atvikum fornleifaskráning þarf að liggja fyrir áður en land er tekið til skógræktar.

Einnig er rétt að hafa í huga að við viss skilyrði (til dæmis ef land er lítt gróið og fræfall mikið) geta tré sáð sér inn á svæði þar sem óæskilegt getur talist að þau taki sér bólfestu.

Til eru svæði þar sem menningarlandslag hefur verið friðlýst. Finna má þau hér:

<https://minjastofnun.gis.is/>: → veljið *Vernduð svæði* → *Friðlýst minjasvæði*.

§11. Friðaðar jarðminjar og jarðmyndanir

Eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar frá því eftir síðustu ísöld njóta verndar og skal ekki taka undir nýskógrækt. Þessi svæði má sjá hér:

<https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>: Undir *Gögn* veljið *Náttúruvernd* → *Sérstök vernd náttúrufyrirbæra* (61. gr.)

Rétt er að athuga að nútímahraun sem þegar eru hulin jarðvegi eða áfoki má almennt taka til skógræktar. Að þessu þarf þó að huga vandlega hverju sinni og meta hvort merkilegar hraunmyndanir eru á viðkomandi svæði sem ættu að njóta verndar. Náttúruverndarstofnun fer með þau mál og rétt er að leita álits hennar ef vafi leikur á verndargildi. Rétt er að hafa í huga að við viss skilyrði (til dæmis ef land er lítt gróið og fræfall mikið) geta tré sáð sér inn á svæði þar sem óæskilegt getur talist að þau taki sér bólfestu.

§12. Skógrækt í öðrum friðlýstum náttúruminum en náttúruvéum og náttúruvættum; einnig á svæðum á B- eða C-hluta náttúruminjasrár

Skógrækt er háð aðstæðum á hverjum stað og fer einnig eftir gerð og eðli fyrirhugaðrar skógræktar. Kort af þessum minjum og svæðum er að finna á:

<https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>: Undir Gögn veljið *Náttúruvernd* -> *Náttúruminjasrá*.

Hakið við *Tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjasrár og Náttúruminjasrá (C-hluti)*.

§13. Framræst votlendi

Um framræst votlendi (sem ekki fellur undir §14 sem gott eða mjög gott ræktarland): Áður en ákvörðun er tekin um skógrækt er æskilegt að meta hvort heppilegra væri að endurheimta votlendið. Skoða þarf hvaða kostir henta og rétt að horfa til sjálfbærni og samræmis við aðra nýtingu viðkomandi jarðar.

§14. Ræktarland

Sem viðmið er lagt til að taka ekki meira en 15% af góðu eða mjög góðu ræktarlandi (samkvæmt flokkun ræktarlands) til nýskógræktar innan hvernar jarðar. Rétt er að haga skógrækt á þessum hluta landsins þannig að skógurinn komi til með að auka afrakstur, ræktunaröryggi eða gæði uppskeru og afurða af nálægu ræktarlandi til frambúðar að því er nemur missi ræktarlandsins sem undir skóginn er lagt. Þetta tekur ekki til skjólbelta.

§15. Ár og vötn

Viðhalda ætti gróðurbeltum við ár og vötn og forðast að raska þar jarðvegi og gróðurþekju. Stilla ætti mjög í hóf jarðvinnslu og notkun áburðar vegna skógræktar nálægt bökkum vatna og áa með heilsársrennsli. Æskilegt er að stuðla eftir mætti að vexti náttúrulegs gróðurs en rækta ella hóflega þéttan skóg, gjarnan með lauftegundum, til að styrkja bakka og styðja við lífríki ána. Rétt er að athuga hver líkleg áhrif skógræktar yrðu á staðbundnar fuglategundir sem sækja í ár, vötn og bakka.

Gæta skal að því að aðgengi almennings með ám og vötnum sé óhindrað (samanber §25 um aðgengi) og gefa gangandi umferð og útivist svigrúm, svo sem stangveiði þar sem það á við. Við fossa skal haga skógrækt þannig sýn að þeim spillist ekki.

§16. Vatnsverndarsvæði

Við mat á þessum lið er nauðsynlegt að skoða hvort landið sem fyrirhugað er að rækta skóg á er vatnsverndarsvæði (fjarsvæði eða grannsvæði). Kort af þeim svæðum má finna hér:

<https://www.map.is/os>: → Veljið *Nytjavatn* → *Vatnsverndarsvæði*.

Öruggara er þó að skoða svæðin á aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Skógrækt, þar með talin jarðvinnsla, áburðarnotkun og hugsanleg eiturnotkun, er takmörkunum háð á vatnsverndarsvæðum. Skógrækt á vatnsverndarsvæðum er háð leyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

§17. Hverfisvernd

Hverfisvernd er tilgreind í aðalskipulagi sveitarfélags (uppdrætti og einnig í sérstökum kafla í greinargerð með aðalskipulagi). Ganga þarf úr skugga um hvort svæðið nýtur hverfisverndar eða hvort fyrirbæri finnast á svæðinu sem njóta verndar og leggja mat á hvort og hvernig fyrirhuguð skógrækt á staðnum samrýmist hverfisverndinni. Sé slíkt óljóst ætti að leita álits sveitarfélagsins.

§18. Atvinna af skógi og skógrækt

Við mat á því hvort skógur eigi eftir að skapa atvinnu skiptir miklu máli að skoða hvort búast megi við að vöxtur skógarins verði viðunandi, hvort skógurinn gefi af sér nýtanlegar afurðir og – ef búist er við að timbur verði helsta afurðin – hvort flutningsleiðir timbursins úr skóginum til vinnslu eru eða geta orðið nægilega greiðar og hagkvæmar.

§19. Útivist

Við mat á því hvort skógurinn komi til með að stuðla að aukinni útivist þarf að skoða hvort líklegt er að almenningur muni nýta sér hann til útivistar, til dæmis hvort aðgengi verður gott, bæði fyrir almenning til notkunar og umsjónaraðila til uppbyggingar og umhirðu.

§20. Loftgæði

Ef rykmengun er vandamál má meta hvort fyrirhugaður skógur getur bundið þá mengun, til dæmis ef honum er komið fyrir við ryk uppsprettu (svo sem þar sem bílaumferð er þung) eða við íverustaði fólks. Eins er rétt að meta hvort skógurinn kemur til með að takmarka uppsprettu rykmengunar, til að mynda ef hún er úr moldum eða rofsvæðum.

§21. Aðlögun að loftslagsbreytingum

Skoða þarf hvort skógurinn getur dregið úr neikvæðum afleiðingum breytinga á veðurfari sem hljótast kunna af loftslagsbreytingum. Þetta á til dæmis við um stóraukna ofankomu, ofanflóð, aurflóð og landbrot.

§22. Landslag og útsýni

Skógrækt breytir landslagi og njóti það á einhvern hátt verndar þarf að huga að því. Vert er að kanna hvort landslag á svæðinu er andlag einhvers konar verndar, til dæmis samkvæmt B- eða C-hluta náttúruminjaskrár (sjá §12), hvort það nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi sveitarfélags (sjá §17) og hvort það nýtur verndar skv. minjalögum (sjá §10). Mikilvægt er að skógur falli vel að landslagi, svo sem útlínur hans og reitaskipting. Einnig ætti að huga að vernd sérstæðs landslags. Mikilvægt er að fyrirhugað skógrækt skerði sem minnst útsýni frá mikilsverðum útsýnisstöðum.

§23. Sóttkveikjur, svo sem miltisbrandur og gamlir urðunarstaðir

Mikilvægt er að þar sem þekkt er að miltisbrandsdauðar skepnur hafi verið grafnar sé jarðvegi ekki bylt dýpra en svo, að dvalargróin komist upp á yfirborðið. Oft eru heimildir um miltisbrandsgrafir óljósar og óþekkt hvar nákvæmlega þær eru staðsettar. Kort sem sýnir þekktar miltisbrandsgrafir má finna á:

<https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ>.

§24. Hljóðvist, hljóðmengun

Meta þarf hvort veruleg hávaðamengun er til staðar, til dæmis frá fjölförnum vegi eða iðnaði, og hvort fyrirhugaður skógur getur minnkað álag á íbúa af völdum hennar.

§25. Aðgengi

Öllum er heimil gangandi umferð um skóga nema veigamiklar ástæður séu til annars. Huga þarf að því að gangandi fólki sé ekki hindrað aðgengi að og með fram vötnum og vatnsföllum, svo sem með girðingum sem ófært má telja að komast megi yfir. Mat á aðgengi gangandi fólks á við um alla ný-skógrækt og endurheimt skóga, en mati á því má sleppa í vissum tilvikum ef færð eru rök fyrir því að slíkt eigi ekki við.

§26. Jarðvegsvernd

Sé jarðvegur á svæðinu útsettur fyrir rofi eða gróðurþekja lítil og jarðvegur undir er rétt að meta sem svo að skógur sem upp vex á svæðinu komi í veg fyrir frekara tap jarðvegs. Sýna þarf sérstaka aðgát við jarðvinnslu svæða þar sem hætta er á vind- og vatnsrofi, til dæmis í halla.

§27. Veðurfar

Með veðurfari er hér átt við vindafar, hita og úrkomu til langs tíma. Ekki er auðvelt að meta áhrif skóga á þessa þætti, en þó geta ætluð skjóláhrif skóga verið nokkuð augljós. Þar eð skógar auka nær alltaf skjól er þetta matsatriði einungis tekið til athugunar ef vindafar er sérstaklega bagalegt, hamlar til dæmis útivist, annarri ræktun eða stendur innviðum eða notkun þeirra fyrir þrifum. Þannig má meta hvort veður

getur verið hamlandi fyrir búsetu- og ræktunarskilyrði og hvernig líklegt er að skógurinn hafi áhrif á aðbúnað búfjár, afurðir í annarri ræktun, útivist og innviði.

§28. Losun gróðurhúsalofttegunda

Sé jarðvegseyðing í gangi með tilheyrandi tapi kolefnis er rétt að leggja mat á hvort skógrækt á svæðinu kemur til með að minnka hana verulega eða stöðva.

Sé jarðvinnsla fyrirhuguð er rétt að skoða hvort og hvenær væntanleg binding skógarins yfirvinnur losun gróðurhúsalofttegunda. Þegar er gert ráð fyrir losun vegna jarðvinnslu í Skógarkolefnisreikni:

<https://reiknival.skogur.is/>

§29. Binding gróðurhúsalofttegunda

Hér má skoða hvort við skógræktina verður líkleg aukning í bindingu kolefnis. Vísbindingu um ætlaða bindingu miðað við helstu gefnar forsendur má finna hér:

<https://reiknival.skogur.is/>

§30. Útbreiðsla birkis

Gæta má að því hvort birki sáir sér þegar út á staðnum, eða hefur tækifæri til þess, og taka mið af því við skipulagningu skógræktar. Land þar sem nýliðunar birkis gætir nú þegar í einhverjum mæli ætti síður að taka til nýskógræktar með öðrum tegundum og leyfa þeim náttúrulega skógi að komast á legg sem sýnt er að muni gera það.

§31. Sjálfsáning tegunda

Margar tegundir trjáa sá sér út hér á landi en það fer meðal annars eftir árferði og aldri trjáanna hversu mikið fræfall er. Einnig fer það eftir þeim gróðri sem fyrir er hversu mikið kemst upp af sjálfsánum trjáplöntum. Rétt er að meta líkur á að tré fari að sá sér út á svæðum sem falla undir matsliði §1-§17.

§32. Samantekt

Séu engir þeir þættir fyrir hendi sem útiloka skógrækt á staðnum er það í höndum þeirra fagaðila sem nota listann að meta hvort heildaráhrif skógræktar á staðnum verða til dæmis almennt verulega jákvæð, óverulega jákvæð, óverulega neikvæð eða verulega neikvæð. Matslisti þessi er ekki allsherjar mælistika á öll matsatriðin, enda hafa þau um margt ólíka mælikvarða innbyrðis sem torvelt er að samræma.

I.C. Forsendur fyrir einstökum viðmiðum

Votlendi og vernd þess

Ákvæðum um votlendi í þessum gæðaviðmiðum er ætlað að stuðla að því að votlendi haldist samfelld, að gildi votlendis sem búsvæðis skerðist sem minnst og að sem mest af því votlendi sem þegar hefur verið framræst verði endurheimt. Sérstaklega er litið til þess að votlendi er mikilvægt búsvæði fyrir margar fuglategundir. Þannig er mælt til þess að taka ekki til skógræktar svæði og reiti sem eru innan um votlendi. Einnig er lagt til að rækta ekki skóg innan 25 metra frá mörkum votlendis því talið er að áhrif skóganna á votlendisfugla nái út fyrir skógarjaðrana. Þá er líka æskilegt að í skógarjaðri í grennd við votlendi séu frekar ræktaðar lágvaxnar trjátegundir en hávaxnar, enda aukast jaðaráhrif skóga á votlendisfugla eftir því sem tré eru hærri. Að rækta þar lágvaxnari lauftegundir hefur einnig þann viðbótar-kost að gefa skógarjörðum fallega ásýnd.

Framræst votlendi og ræktarland

Flokkun lands í framræst votlendi og gott ræktarland skarast töluvert. Framræst votlendi flokkast mjög víða sem gott eða mjög gott ræktarland enda er þar yfirleitt slétt og jarðvegsdjúpt. Rétt þykir að stuðla að því að nýskógrækt á slíku landi sé einkum ætluð til stuðnings öðrum landbúnaði og ræktun, auk arðsins af skóginum sjálfum.

Fyrirkomulag og lega jarðeigna er með ýmsu móti. Sums staðar er land í sameign jarða. Sums staðar er jörðum skipt þannig að jarðarpartar eru í fleiri en einum aðskildum fláka. Víða er raunin sú að besta ræktarlandið hefur verið í sameign nokkurra jarða en verið skipt upp í skákir, gjarnan tiltölulega smáar. Til þess að einfalda notkun gæðaviðmiðanna hefur verið talið best að miða við 15% af því landi hverrar jarðar sem telst vera gott eða mjög gott ræktarland.

Á framræstu votlendi sem ekki flokkast sem gott eða mjög gott ræktunarland er lagt til að hentugleiki til endurheimtar votlendis sé metinn vandlega í hverju tilviki fyrir sig áður en ákvörðun um skógrækt er tekin. Jörð er skilin sama skilningi og í 2. gr. jarðalaga.⁵

Náttúrulegir birkiskógar

Stefna hins opinbera er að stuðla að útbreiðslu birkiskóga. Gert er ráð fyrir því að útbreiðslan verði að verulegu leyti með sjálfsáningu. Margt bendir til að birkiskógar séu í nokkurri sókn, meðal annars vegna

⁵ Jarðalög nr. 81/2004, 5. mgr. 2. gr.: „Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitaland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir undir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.“

minnkaðrar og takmarkaðrar búfjárbætur en einnig vegna aukins fræfalls og betri vaxtarskilyrða samfara hlýnandi veðurfari.

Samkvæmt gæðaviðmiðunum er ekki óheimilt að taka til nýskógræktar svæði þar sem sjálfsáningar birkis gætir. Aftur á móti er mælt til þess að við skipulagningu skógræktar á hverju svæði sé hugað að uppvasandi birki og möguleikum þess til útbreiðslu samanber §30 á bls. 17.

Ár og vötn

Í 62. gr. náttúruverndalaga segir að „við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins“. Því er lagt til í þessum gæðaviðmiðum að lágmarka skuli allt rask vegna skógræktar nálægt ár- og vatnsbökkum. Við skógrækt á þessum svæðum þarf að huga að mögulegum staðbundnum neikvæðum áhrifum, til dæmis gagnvart sérstökum þáttum í lífríkinu, og forðast rask og áburðarnotkun. Leitast skal við að bakkagróðurinn sé fjölbreyttur og stuðla að ríkulegum botngróðri sem veitir gott þol gagnvart hvers kyns jarðvegsrofi. Æskilegt er að umhirða gróðurs og umgengni á bakkasvæðinu miði fyrst og fremst að því að vernda vatnsgæði og auðga lífríki við og í vatninu til frambúðar. Eins þarf að huga að rými og aðgengi þar sem veiði eða önnur nýting fer fram á vatnsbökkum og gæta þess að bakkarnir séu færir gangandi fólki svo almannaréttur til umferðar sé virtur.

II. Viðaukar

II.1. Málsmeðferð skógræktar í skipulagsmálum

II.1.1. Skógrækt í aðalskipulagi

Í aðalskipulagi hvers sveitarfélags er sett fram stefna til framtíðar um þróun byggðar og landnýtingu, þar með talið um skógrækt. Almenna og sértæka skilmála um landnýtingarflokka má finna undir hverjum kafla fyrir sig í greinargerð með aðalskipulagi.

Um skógrækt fer á tvenns konar hátt í aðalskipulagi:

Skógrækt án skilgreiningar á landnotkun

Á landbúnaðarsvæðum, en einnig á opnum svæðum og óbyggðum, eru gjarnan settar almennar heimildir til skógræktar sem taka mið af því við hvaða aðstæður og að hvaða umfangi skógrækt sé heimil, hvar hún komi til álita að uppfylltum tilteknum skilyrðum og hvar hún sé óheimil. Yfirleitt er skógrækt heimil á einstökum landnotkunarreitum upp að tilteknu stærðarviðmiði án skilgreiningar á landnotkun skógræktar- og landgræðslusvæðis.

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Skilgreind er landnotkun í aðalskipulagi fyrir umfangsmeiri skógrækt, núverandi og fyrirhugaða. Við ákvörðun um staðarval fyrir skógrækt við gerð aðalskipulags ber sveitarstjórn að horfa á lagalega bindandi viðmið í 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og rökstyðja ákvörðun sína um staðsetningu með hliðsjón af þeim. Fyrir hvert svæði eru sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem gerð er grein fyrir fyrirkomulagi skógræktar, umfangi svæðis og öðrum þáttum sem gæta þarf að eftir því sem við á, vegna nánari útfærslu við gerð deiliskipulags eða vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

Rétt er að benda á handhægt rit til upplýsingar, *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga*. Fjórða útgáfa þess kom út í mars 2023.⁶

⁶ *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, IV. útgáfa* (2023) Ritstjórn IV. útgáfu: Hrefna Jóhannesdóttir og Guðrún Lára Sveinsdóttir. Skógræktin og Skipulagsstofnun, mars 2023. Ritið er aðgengilegt á vefsvæðum stofnananna: <https://downloads.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6y0NGcU17GEEAqfwsucaUT/1024f577f292fecdfb94f001a44403c/skograekt-i-skipulagsaaetlunum-sveitarfelaga.pdf>


II.1.2. Málsmeðferð framkvæmdaleyfisumsókna um skógrækt

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarfélags fyrir nýræktun skóga, óháð markmiðum með skógræktinni, hvort sem það er nytjaskógrækt, skógrækt til útivistar eða landgræðslu. Um þetta er fjallað í 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012⁷.

Sá sem að framkvæmdinni stendur aflar framkvæmdaleyfis. Varðandi gögn sem fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi er vísað til 7. greinar reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Auk þess þarf að horfa til þess hvort í aðalskipulagi eru ákvæði sem taka þarf mið af við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í aðgerðaáætlun með Landi og lífi, þar sem mælt er fyrir um gerð og notkun þeirra gæðaviðmiða sem hér birtast, kemur fram að mat á skógræktaráformum sé hluti þeirra upplýsinga sem fylgja skuli umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Þetta mat er gert með því að beita á skógræktaráformin matslistanum sem hér er settur fram, sjá flæðirit 1.

Flæðirit 1: Notkun gæðaviðmiðanna og umsókn um framkvæmdaleyfi



⁷ <https://island.is/reglugerdir/nr/0772-2012>

II.2. Um tilkynningaskyldu til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Sem fyrr segir er þessum gæðaviðmiðum ekki ætlað að skera úr um hvort og hvenær skuli tilkynna skógræktaráform til ákvörðunar um umhverfismat. Engu að síður er rétt að minna á að í sumum tilfellum er slíkrar tilkynningar þörf, svo sem vegna stærðar eða staðsetningar verkefnis, eins og fjallað er um í þessum kafla.

Í 1. viðauka við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að skógrækt og uppgræðsla teljist til framkvæmda sem kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að metið sé í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati samkvæmt lögnum.

Um nýskógrækt gildir að sé hún fyrirhuguð á 100 hektara svæði eða stærra skal tilkynna framkvæmdina til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, sem ákveður hvort hún skuli háð umhverfismati.

Það sama gildir um alla skógrækt og alla uppgræðslu lands á verndarsvæðum.

Verndarsvæði eru tilgreind í iii. lið, 2. tölulið, 2. viðauka laganna. Þetta eru:

1. Svæði þar sem eru náttúruminjar á A-, B- og C-hluta náttúruminjaskrár.
2. Svæði sem falla undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd, þ.e.:
 - Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 2 hektarar að flatarmáli eða stærri.
 - Stöðuvötn og tjarnir, 0,1 hektarar að flatarmáli eða stærri.
 - Sjávarfitjar og leirur.
 - Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra.
 - Eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jöklar hurfu af landinu síðast.
 - Fossar og nánasta umhverfi þeirra, með tilliti til þess að sýn að þeim spillist ekki.
 - Hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt ummyndunum og útfellingum.
3. Landsvæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.
4. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem um Þingvelli, Mývatns- og Laxárvæði og Breiðafjörð.
5. Svæði innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar.
6. Svæði, sem njóta verndar vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn.


7. Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er bundið af, svo sem:

- Votlendi (Ramsar-samningurinn).
- Svæði sem njóta verndar vegna verndar villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernar-samningurinn).
- Svæði sem njóta verndar vegna friðaðra og friðlýstra tegunda sem og ábyrgðartegunda. Undir þetta falla einnig tegundir á válista.

8. Hverfisverndarsvæði. Þau má finna í aðalskipulagi sveitarfélags.

Gögn um flest þessara fyrirbæra má finna á korti, eins og rakið er í kafla I.B. Viðauka við matslista. Leiki vafi á málum má senda Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun fyrirspurn um hvort skylt sé að tilkynna málið til matsskylduákvörðunar, sjá flæðirit 2.

Flæðirit 2: Tilkynning til ákvörðunar um umhverfismatsskyldu.



II.3 Sérstök markmið til hliðsjónar

Í gæðaviðmiðum þessum um val á landi til skógræktar eru tekin mið af þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af hinu opinbera og finna má í reglugerðum, markmiðum laga eða stefnu í landgræðslu og skógrækt. Nokkur þessara atriða eru tilfærð hér að neðan og tiltekið hvernig þeim er mætt í þessum gæðaviðmiðum:

Almenn þekking og samstarf er ein af áherslum í Landi og lífi 2022-2031, stefnu stjórnvalda í skógrækt og landgræðslu. Þetta atriði snýr að samstarfi og virkri þátttöku almennings í vernd, endurheimt og uppbyggingu vistkerfa, sjálfbærri nýtingu lands og því að auka þekkingu almennings á vistkerfum landsins.

- Gert er ráð fyrir að gæðaviðmiðin geti nýst fagaðilum, sveitarfélögum og öðrum hlutaðeigandi, þar með talið öllum almenningi. Með gæðaviðmiðunum ættu ákvarðanir um val á landi til skógræktar að vera skýrari og aðgengilegri. Í þeim eru skipulega tekin saman þau atriði sem vert er að hafa í huga við val á landi til nýskógræktar. Þetta setur vali á landi til skógræktar vissan algildan ramma og ætti að stuðla að aukinni sátt um málin. Einnig ætti það að stuðla að því að fleiri en færri aðilar finni sig inngilda í umræðum.

Náttúrumiðaðar lausnir eru aðgerðir til að vernda vistkerfi, endurheimta og nýta á sjálfbæran hátt þannig að lífríki jarðar, loftslag og velferð njóti góðs af.

- Gæðaviðmiðin eiga að miða að því að með birkiskógum sé hægt að endurheimta vistkerfi og einnig að af öllum skógum verði sem mest gagn, þannig að með ræktun þeirra megi jákvæð áhrif á lífríki, loftslag og velferð fólks verða sem mest.

Sjálfbær landnýting er þegar ekki er gengið á auðlindir lands við nýtingu þess heldur séu þær endurheimtar eins og unnt er um leið og viðgangi og virkni vistkerfa er viðhaldið. Við sjálfbæra nýtingu viðhelst og eflist líffræðileg fjölbreytni vistkerfis, jarðvegur viðhelst og byggist upp, kolefni viðhelst og eykst í jarðvegi og gróðri, vatnsmiðlun, vatnsgæði, og loftgæði viðhaldast.

- Í gæðaviðmiðunum er litið til allra þessara þátta. Í þeim er mikið lagt upp úr því að þau gæði sem fyrir eru tapist ekki við nýskógrækt. Sé sýnt að þessi gæði muni tapast við fyrirhugaða skógrækt er í gæðaviðmiðunum gert ráð fyrir að annað hvort sé fyrirkomulagi þeirrar skógræktar breytt eða henni fundinn annar staður. Einnig er lögð áhersla á að nýskógrækt sé hagað þannig að vistkerfisþjónusta aukist, batni og verði fjölbreyttari þegar upp er staðið.

Sjálfbær skógrækt felst í aðferðum við umsjón og nýtingu skóga og skóglendis sem að minnsta kosti viðhalda eða efla líffræðilega fjölbreytni þeirra, framleiðni, endurnýjunargetu og þrótt.

Sjálfbærni í skógrækt lýtur einnig að getu skóga til að uppfylla, nú og framvegis, viðeigandi vistfræðileg, efnahagsleg og félagsleg hlutverk á staðnum, á lands- og heimsvísu, og með þeim hætti að það valdi ekki skaða á öðrum vistkerfum.

Nýting skóga er eitt form skógræktar og sjálfbær skógrækt á til að mynda einnig við um nýtingu skóga.

Sé sjónum beint að *sjálfbærni nýskógræktar* má skoða hana sem eitt tilfelli sjálfbærrar landnýtingar.

- Gæðaviðmiðin stefna allri nýskógrækt að því marki að hún sé sjálfbær og að upp vaxi skógar sem eru fyllilega tækir til sjálfbærrar nýtingar.

Vistgeta lands gefur til kynna hvert ástand gróðurs og jarðvegs gæti best verið miðað við það loftslag sem ríkir á viðkomandi svæði.

- Gæðaviðmiðin ættu að stuðla að aukinni grósku, vernd jarðvegs og uppsöfnun hans. Leiðir að þeim markmiðum eru meðal annars að hvetja til þess að framræst votlendi verði endurheimt, skógrækt verði beitt við vernd jarðvegs og endurheimt glataðs jarðvegs og markmið skógræktar séu ljós, þannig að valdar séu trjátegundir og ræktunaraðferðir sem skila sem mestum árangri.

Vistkerfisnálgun er þegar stjórnun á notkun lands, lagar og lifandi auðlinda er samræmd og hvetur til verndunar og sjálfbærrar nýtingar á sanngjarnan hátt. Nálgunin grundvallast á vísindalegri þekkingu á hinum ólíku vistkerfum og starfsemi þeirra og tekur tillit til ólíkra hagsmuna við nýtingu náttúruauðlinda. Með henni er gerð krafa um að fylgst sé með lykilorðum vistkerfisins og brugðist án tafar við breytingum á þeim. Hugtakið hefur einnig verið skýrt sem auðlindanýting sem byggð er á vísindalegri þekkingu á viðkomandi vistkerfi, eftirliti með ástandi þess og samræmdri heildarstjórnun á athöfnum manna til að viðhalda því ósködduðu.⁸

- Í gæðaviðmiðunum er gert ráð fyrir að við val á landi til skógræktar verði tekið tillit til lifandi auðlinda og að skógar stuðli að aukinni sjálfbærni um leið og þeir gangi ekki um of á önnur gæði sem gætu rýrnað við að land sé tekið til skógræktar.

II.4. Orðanotkun og skilgreiningar

Aðlögun að loftslagsbreytingum – verkefni og ráðstafanir til að styrkja varnir bæði mannsins og kerfa náttúrunnar gagnvart raunverulegum eða fyrirsjáanlegum áhrifum loftslagsbreytinga.

Ábyrgðartegund – Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á vegna þess að stór hluti útbreiðslu-svæðis hennar á Evrópu- eða heimsvísu er hér á landi eða stór hluti stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldri eða hluta úr ári. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)

Ástand lands – Eiginleikar og samsetning gróðurs og jarðvegs í vistkerfum viðkomandi landsvæðis í samanburði við það sem telja má eðlilegt miðað við náttúrulegar aðstæður. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)

Búsvæði – Þeir staðir eða svæði þar sem tegund getur þrífist. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)

Endurheimt skógar – Það ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfisþjónustu náttúruskóga í það horf að þeir nái að þróast án hnignunar. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019). Á einnig við um það þegar náttúruskógi er komið upp með einhverjum hætti í skóglausu landi þar sem skógur eyddist áður.

⁸ Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Umhverfisráðuneytið, 2011. Bls. 90.

- Endurheimt vistkerfa** – Það ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfisþjónustu í það horf að vistkerfið nái að þróast án hnignunar. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)
- Endurnýjun skógar** – Aðgerðir sem leiða til þess að ung tré taka að vaxa í kjölfar lokafellingar og í stað þeirra trjáa sem felld voru. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019) Þetta er ýmist gert með sáningu, gróðursetningu eða náttúrulegri endurnýjun (sjálfsáningu, teinungum, rótarskotum o.s.frv.).
- Felling** – Framkvæmd sem felur í sér fellingu trjáa og endurnýjun skógarins í kjölfarið. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Fellingarkerfi** – Kerfi aðferða við fellingu á skógi sem miðar að því að endurnýja hann hvort heldur sem er með gróðursetningu, beinni sáningu eða sjálfsáningu. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Fornminjar** – Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornnum haugum, dysjum og leiðum. (2. og 3. mgr. 2. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. *Fornminjar* eru annars vegar *forngrípir*, og hins vegar *fornleifar*).
- Grisjun** – Framkvæmd sem felur í sér fellingu einstakra trjáa í skógi áður en þau hafa náð þeim aldri sem ætlað er að þau nái við lokafellingu, með það að markmiði meðal annars að bæta vaxtarskilyrði trjáanna sem eftir standa. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Innlendar tegundir** – Tegundir á tilteknu svæði sem hafa borist þangað og vaxið á náttúrulegan máta án meðvitaðrar eða ómeðvitaðrar aðstoðar manna. (Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000)
- Jarðvegsrof** – Losun, flutningur og setmyndun yfirborðsefna af völdum rofs, t.d. vindrofs, vatnsrofs, skriðufalla og yfirborðshreyfingar af völdum ísnála og holklaka. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)
- Jarðvegsvernd** – Aðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun jarðvegs, þ.m.t. jarðvegsrof og tap jarðvegs, og til að stuðla að heilbrigði jarðvegs.
- Jarðvegur** – Hluti lífheimsins undir yfirborði jarðar þar sem efnabreytingar mynda moldarefni. Jarðvegurinn er jafnframt hluti vistkerfa og þjónar þeim á marga vegu, m.a. sem hlekkur í hringrásum næringarefna og vatns. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)
- Kjarr** – Land, a.m.k. 0,5 hektarar að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær 0,5-2 m hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Kolefnisbinding skógar** – Uppsöfnun kolefnis fyrir tilstuðlan ljóstíllífunar í forða skógar – laufi, stofni og rötum trjáa, sem og í jarðvegi og gróðurleifum.
- Landbrot** – Jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)

- Landgræðsla** – Samheiti yfir alla starfsemi og aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg með ákveðin markmið að leiðarljósi. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)
- Landslag** – Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra eða mannlegra þátta. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)
- Líffræðileg fjölbreytni** – Breytileiki meðal lifandi vera á öllum skipulagsstigum lífs, þar á meðal í vistkerfum á landi, í sjó og í ferskvatni. Hugtakið tekur til vistfræðilegra tengsla milli vistkerfa og nær til fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda og vistkerfa. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)
- Loftslagsbreytingar** – Langvarandi breytingar á hitastigi, úrkomumynstri og öðrum veðurþáttum sem stafa af náttúrulegum og mannlegum ferlum, einkum losun gróðurhúsalofttegunda.
- Mengun** – Þegar örverur, efni, efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta (1. mgr. 3. gr. efnalaga nr. 61/2013; 6. mgr. 3. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og 4. mgr. 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923).
- Náttúruminjar** – Náttúrufrýrbærir sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)
- Náttúrumyndun** – Einstakt fyrirbrigði í náttúrunni sem að jafnaði sker sig úr umhverfinu, t.d. foss, eldstöð, hellir, drangur, einstakt tré eða gamall skógarlundur. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)
- Náttúruskógur** – Land, a.m.k. 0,5 hektarar að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Náttúruverndarsvæði** – a) Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr.; b) Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.; c) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)
- Nýskógrækt** – Að koma upp skógi á landi þar sem ekki vex skógur eða hefur ekki gert í nánustu fortíð.
- Rjóðurfelling** – Þegar öll tré á tilteknu svæði eru felld í sömu framkvæmd eða á einu tímabili þannig að eftir stendur skóglaut land á tilteknum tíma.
- Ræktun eða ræktað land** – Land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en hefur orðið það við áburðargjöf og er notað sem slíkt. (2. gr. jarðalaga nr. 81/2004)
- Ræktunaráætlun** – Áætlun um ræktun skógar á tilteknu landsvæði eða stað (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019). Form og innihald ræktunaráætlunar í skógrækt er rakið í viðauka 1 við reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026.

- Skjólbelti** – Raðir eða þyrpingar trjáa og runna sem ræktaðar eru í því skyni að skapa skjól. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Skógrækt** – Öll sú starfsemi sem snýr að vernd, endurheimt, ræktun, umhirðu, nýtingu og endurnýjun skóga, þ.m.t. rannsóknir, ráðgjöf, áætlanagerð og verklegar framkvæmdir. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019). Þessi skilgreining er nokkru umfangsmeiri en sá skilningur sem yfirleitt er lagður í orðið, þ.e. framkvæmdir sem miða að því að koma upp skógi, svo sem jarðvinnsla, gróðursetning og sáning. Til þess að gera textann í þessum gæðaviðmiðum skýrari er notast við hugtökin *nýskógrækt*, *endurheimt skóga*, *endurnýjun skógar*, *skógarumhirða* eða *nýting skóga* eftir því sem við á hverju sinni.
- Skógur** – Land, a.m.k. 0,5 hektarar að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019). Í þessum gæðaviðmiðum er hugtakið skógur almennt notað um samansafn trjáa, nægilega stórt og umfangsmikið til að úr verði sérstakt vistkerfi.
- Varanleg eyðing skógar** – Aðgerðir eða breyting á landnotkun sem veldur því að svo mörg tré drepast að landsvæði uppfyllir ekki lengur skilgreiningu skógar og komið er í veg fyrir endurnýjun trjáanna með aðgerðum eða landnýtingu. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)
- Vistgerðir** – Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013)
- Vistkerfisþjónusta** – Ábati sem menn njóta af vistkerfum náttúrunnar, svo sem fæða, vatn, útivist og útsýni. (4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)
- Vistkerfi** – Safn lífvera sem hafast við í afmörkuðu rými af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífveranna og tengslum þeirra við lífræna og ólífræna umhverfisþætti sem tilheyra kerfinu, svo sem loft, vatn, jarðveg og sólarljós. (5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 4. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018)
- Votlendi** – Votlendi er allar landgerðir milli vatns og þurrlendis. Votlendi nær til lands sem er ýmist mótað af viðvarandi eða tímabundinni bleytu, lands í grunnu vatni eða lands á jöðrum vatna. Votlendi er hvers konar mýrar, hallamýrar, flóar, dælur, flæðimýrar, fen, flæður, fjörur og vötn, bæði náttúruleg og tilbúin, varanleg og óvaranleg með kyrru vatni eða rennandi, fersku, hálföldu eða söltu og þar meðtalinn sjór allt að sex metra dýpi. Þegar hugtakið er notað um land á kafi í vatni er miðað við vatnsdýpt sem er ekki meiri en svo að rótfastar plöntur náí að þrífast.
- Þjóðskógur** – Skógur og lönd í umsjón Lands og skógar, hvort heldur sem er á landi í eigu ríkisins eða í einkaeigu. (2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019)

III. Ítarefni

Hér í III. hluta gæðaviðmiðanna má finna yfirlit um ýmislegt sem snýr að gæðaviðmiðunum, notkunarviði þeirra, hvernig þau snúa að svæðisáætlunum í landgræðslu og skógrækt, vinnu við gæðaviðmiðin og umfjöllun um eldri gæðaviðmið, íslenskum lögum og reglugerðum sem snerta málið, sem og alþjóðasamningum.

III.1. Notkunarvið nýrra gæðaviðmiða

Eldri gæðaviðmið (Skógrækt í sátt við umhverfið) voru að hluta tilgreind í viðauka 3 við reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015 sem nú er fallin brott. Þar kölluðust þau *leiðbeiningar um nýræktun skóga* og var kveðið á um að þau skyldu höfð til hliðsjónar við skipulag skógræktar á vegum landshlutaverkefnanna, með öðrum orðum í bændaskógrækt sem nýtur ríkisstyrkja. Skógræktarráðgjafar Lands og skógar (áður Skógræktarinnar) hafa fram undir þetta haft þau til hliðsjónar við gerð ræktunar-áætlana. Í stað gömlu reglugerðarinnar er tekin við ný [reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026](#).

Samkvæmt Landi og lífi eru nýju gæðaviðmiðin hugsuð sem stuðningstæki sveitarfélaga þegar þar er tekin ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis til skógræktar. Þar er rætt um innleiðingu nýju gæðaviðmiðanna, sem merkir að þau fái einhvers konar hlutverk í opinberu regluverki, t.a.m. í endurskoðaðri reglugerð, eða sem gagn með umsókn um framkvæmdaleyfi, sbr. reglugerð um þau nr. 772/2012.

Þannig tækju gæðaviðmiðin til allrar framkvæmdaleyfisskyldrar (og tilkynningarskyldrar) nýskógræktar allra aðila.

III.2. Tengsl gæðaviðmiða og svæðisáætlana í landgræðslu og skógrækt

Í 7. mgr. 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og 7. mgr. 6. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 er mælt fyrir um að Land og skógur vinni svæðisáætlunir í skógrækt og landgræðslu í samráði við sveitarfélög og aðra hagaðila. Land og skógur kynnir drög að svæðisáætlun opinberlega og óskar eftir umsögnum. Stofnunin birtir áætlunina og skal hún endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Svæðisáætlunin verður síðan gagn sem vísað er til í stefnumótun, skipulagsáætlanagerð og stjórnáætlun viðkomandi sveitarfélaga.

Ekki er tekið sérstaklega fram í *Landi og lífi* að gæðaviðmið við val á landi til skógræktar skuli á sérstakan hátt tengd svæðisáætlunum í skógrækt. Hins vegar er samlegðin þar á milli augljós. Í svæðisáætlunum eru dregin gróflega ytri mörk landsvæða sem henta til skógræktar eða landgræðslu og svæðunum skipt niður eftir fýsileika skógræktar eða landgræðslu. Í svæðisáætlunum er ekki tekin afstaða til einstakra svæða eða

staða á minni skala, t.d. einstakra jarða, jarðarluta eða landeigna. Í þeim efnum eru gæðaviðmiðin það verkfæri sem hentar til mats á einstökum skógræktaráformum á hverjum stað, eins og þau eru áformuð í hvert skipti.

III.3. Vinna við gæðaviðmiðin

Eins og rakið er í formála eru gæðaviðmið þessi afrakstur vinnu sem mælt er fyrir um í undirmarkmiði 2.3 í aðgerðaáætlun *Lands og lífs 2022-2026*.⁹

Markmið og útfærsla skógræktar – þar með talið tegundaval, jarðvinnsla og nýting skógarins í framtíðinni – getur haft áhrif á hversu æskileg skógrækt er á tilteknum stað.

Þessa sér merki í þessum gæðaviðmiðum, t.d. í umfjöllun um vernd góðs ræktarlands og aðgengi. Þannig er ekki hægt að líta hjá því að skógar af ólíkri gerð hafa ólík áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Gæðaviðmið sem tækju eingöngu til vals á landi burtséð frá því hvers konar skógur kemur til með að vaxa þar yrðu því takmörkuð og jafnvel ómarkviss. Þess vegna eru þessi gæðaviðmið þannig úr garði gerð að matslistanum er hægt að beita til þess að meta kosti og galla þess að taka land til skógræktar miðað við tilheyrandi framkvæmdir (t.d. jarðvinnslu) sem áætlaðar eru, tegundaval, þá gerð skógar¹⁰ sem fyrirhuguð er og þau markmið¹¹ sem skógræktinni er ætlað að ná.

Land og skógur hefur haft forystu um vinnuna við gerð nýju gæðaviðmiðanna en hefur haft marga aðila sér til ráðuneytis og samstarfs: Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun, Minjastofnun Íslands, LBHÍ, HÍ og Skipulagsstofnun, auk hagsmunaaðila og félagasamtaka í skógrækt og náttúruvernd, svo sem Bændasamtakanna, Skógræktarfélags Íslands og Landverndar ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að gæðaviðmiðin verði endurskoðuð reglulega.

III.4. Eldri gæðaviðmið

Eldri gæðaviðmið, sem heita *Skógrækt í sátt við umhverfið*, er að hluta til að finna í Viðauka 3 við reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015 sem nú er fallin úr gildi. Þar er landi skipt í þrennt:

A – þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt, svokölluð úrtök.

⁹ Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022- 2026. Ágúst 2022.

¹⁰ T.d. náttúruskógur, skógar með skamma vaxtarlotu eða skógar með langa vaxtarlotu, barrskógar, blandaðir skógar o.s.frv.

¹¹ Timburnytjar, kolefnisbinding, landbætur, beit, útivist o.s.frv.

B – þar sem skógrækt er háð sérstökum skilyrðum.

C – þar sem ekki eru takmarkanir á nýskógrækt umfram það sem kemur fram í ræktunaráætlun.

Í A-flokki eru friðlýstar náttúruminjar, friðlýstar lífverur, búsvæði eða vistgerðir og friðhelgað svæði þeirra, svæði ætluð undir vegi, loftlínur og jarðstrengi skv. gildandi skipulagi og brunnsvæði vatnsbóla. Þetta er tæmandi listi.

Í B-flokki eru svæði þar sem gæta þarf varúðar eða afla sérstakra leyfa fyrir nýskógrækt, þó að hún sé ekki bönnuð. Það eru hverfisverndarsvæði, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar, fundarstaðir plantna á valista, mikilvæg fuglasvæði (*IBA*), lítt- eða óröskuð votlendissvæði, birkiskógar¹², vatnsverndarsvæði, svæði á náttúruverndaráætlun og svæði sem njóta verndar skv. alþjóðlegum samningum svo sem Ramsar-samningnum (votlendi), Bernarsamningnum (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu) og heimsminjaskrá UNESCO (Þingvellir). Einnig er tiltekið að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningum sem hafa áhrif á nýræktun skóga, svo sem samningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (e. *UN convention on biological diversity*) og samningnum um varnir gegn eyðimerkurmyndun (e. *UN convention to combat desertification*). Skógrækt á þessum svæðum er háð mati á hverjum stað.

Í C-flokki er land þar sem engar takmarkanir gilda, en áskilið er að gætt skuli að því að skógur falli vel að landslagi og að mikilvægir útsýnisstaðir séu varðveittir, að skógrækt skaði ekki nærliggjandi svæði í A- og B-flokkum, að jarðvinnsla og slóðagerð valdi ekki jarðvegsrofi og að skógurinn nái sem best þeim markmiðum sem sett eru við ræktun hans.

III.5. Erlend gæðaviðmið um nýskógrækt

Í flestum löndum á norðurhveli hafa skógar verið hluti landslags órofið til þessa dags. Þó hefur þeim víða verið eytt, en það hefur aðallega verið vegna aukinnar byggðar og þarfar fyrir ræktarland. Hér á landi er því hins vegar svo farið að aðeins ein trjategund, birki, myndaði skóga. Þeir skógar hafa eyðst að svo miklu leyti að þeirra sér víða engin merki lengur, þó að ljóst megi vera af ýmsum heimildum og minjum að þar hafi áður vaxið birkiskógar. Nýskógrækt hér á landi er því nær alls staðar á stöðum þar sem skógur hefur ekki vaxið í alllangan tíma. Í nýskógrækt hér á landi er einnig notast við erlendar trjategundir, en sjálfbær skógrækt með erlendum tegundum getur mætt þörfum samfélagsins án þess að ganga sérstaklega á önnur náttúrugæði.

¹² Hér mun vera átt við svokallaða náttúrulega skóga.

Benda má á að skógar á Írlandi hafa á undanförunum öldum minnkað verulega að flatarmáli og því er nýskógrækt þar í landi ekki stunduð á ósvipuðum forsendum og hér er. Þar hafa nýlega verið gefin út viðmið um val á landi til nýskógræktar, *Environmental Requirements for Afforestation* (júní 2024)¹³.

III.6. Samningar, alþjóðasambýktir og fjölþjóðleg samtök

Íslendingar hafa undirgengist ýmsa samninga og alþjóðasambýktir. Þar af lýtur margt að skógrækt og vernd náttúrugæða. Hér að neðan er listi yfir þessa samninga og er reynt að hafa listann *tæmandi*.

Nº	Samningur	Stutt ágríp	Vefsvæði
1	Ramsar-samningurinn	Samþykkt um votlendi	ramsar.org
2	Ríó-samningurinn (CBD)	Samningur um lífræðilega fjölbreytni	cbd.int
3	Bernarsamningurinn	Samningur um verndun villtra plantna og dýra og búsvæði þeirra í Evrópu	coe.int/en/web/bern-convention
4	AEWA	Samningur um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla	unep-aewa.org
5	CAFF	Samþykkt um lífríkisvernd á norðurljóðum	caff.is
6	Loftslagssamningur Sp	Kyoto-bókunin og Parísarsamningurinn	unfccc.int
7	Landslagssamningur Evrópu	Samningur um verndun fjölbreytts evrópskt landslags	coe.int/en/web/landscape/
8	Heimsmarkmið Sp	Markmið um sjálfbærni, jöfnuð og betri framtíð fyrir alla	heimsmarkmidin.is/
9	Rammasamningur Sp um loftslagsbreytingar	Grunnrammi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að loftslagsaðlögun	unfccc.int/
10	Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun	Samningur um vernd jarðvegs og sjálfbæra landnýtingu	unccd.int/
11	Bonn-áskorunin	Endurheimt skógarlandslags – hluti af IUCN	bonnchallenge.org/

¹³ *Environmental Requirements for Afforestation* (júní 2024) Department of Agriculture, Food & the Marine, Ireland. www.gov.ie/pdf/?file=https://assets.gov.ie/109253/e9ad373a-4767-4596-bc90-2b166f8e6f06.pdf#page=null

III.7. Samstarfsverkefni og samtök

N ^o	Verkefni	Stutt ágríp	Vefsvæði
1	NOBANIS	Ágengar tegundir í Norður-Evrópu	nobanis.org
2	IUCN	Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin	iucn.org
3	BirdLife Int.	Alþjóðlegu fuglaverndarsamtökin	birdlife.org
4	BIODICE	Íslenskur samstarfsvettvangur um rannsóknir, menntun og stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni	biodice.is

III.8. Lög og reglugerðir sem varða skóga og skógrækt

Nº	Lög/reglugerðir	Laganúmer
1	Jarðalög	81/2004
2	Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna kolefnisjöfnunar)	86/2020
3	Lög um Ferðamálastofu	96/2018
4	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir	7/1998
5	Lög um landgræðslu	155/2018
6	Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum	20/2016
7	Lög um loftslagsmál	70/2012
8	Lög um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum	40/2015
9	Lög um menningarminjar	80/2012
10	Lög um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur	60/1992
11	Lög um Náttúruinjasafn Íslands	35/2007
12	Lög um náttúruvernd	60/2013
13	Lög um skipulag haf- og strandsvæða	88/2018
14	Lög um skóga og skógrækt	33/2019
15	Lög um stjórn vatnamála	36/2011
16	Lög um umhverfisábyrgð	55/2012
17	Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana	111/2021
18	Lög um Vatnajökulspjóðgarð	60/2007
19	Lög um vernd Breiðafjarðar	54/1995
20	Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	64/1994
21	Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu	97/2004
22	Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess	85/2005
23	Lög um Þjóðgarðinn á Þingvöllum	47/2004
24	Reglugerð um flokkun vatnshlota	535/2011
25	Reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns	650/2006
26	Reglugerð um framkvæmdaleyfi	772/2012
27	Reglugerð um hvata- og stuðningskerfi í landgræðslu og skógrækt	50/2026
28	Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda	583/2000
29	Reglugerð um samvinnunefnd um málefni norðurslóða	554/2005
30	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns	796/1999
31	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnis-sambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri	804/1999
32	Reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð	608/2008
33	Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu	665/2012
34	Skipulagslög	123/2010

